

fram yfir aðra, er rangindi gagnvart öllum þeim, sem ekki hafa þá trú.

Annar stór ókostur á ríkiskyrkju fyrirkomulaginu er það, að engin trúarbrögð hafa til lengdar gagn af því að standa undir vernd ríkjanna. Verndin kostar það að trúarbrögðin ljái því stjórnar fyrirkomulagi, sem á sér stað í ríkinu, stuðning sinn. Ríkiskyrkjur taka ávalt þátt í stjórnmálum, og með því fjarlægjast þær sem kyrkjur og trúarbragðalegar stofnanir andstæðinga sína í stjórnmálum. Reynslan hefir hvað eftir annað sýnt þetta. Hvað sem sagt er um siðferðisleg áhrif kyrkjunnar á stjórnmalin, verður það hverri kyrkju til skaða að taka nokkurn beinan þátt í þeim. Hversu oft hefir ekki hin kristna kyrkja unnið beinlínis á móti tilgangi sínum, vegna þess að hún hefir verið flækt við stjórnmalin og staðið í þakklætisskuld við þá sem völdin hafa haft.

Fríkyrkjan er í samræmi við trúfrelsi. Hún getur ekki bundið nokkurn mann lagalega til að játa, eða styðja, aðrar trúarskoðanir en þær, sem hann játar af sannfæringu. Fríkyrkjuflokkar hafa margskonar galla. Þeim hættir oft við að verða mjög einhlíða og þröngsýnum viðvíkjandi trúarskoðunum. Það stafar af því, að allir sem ekki eru í fullu samræmi við stefnu flokksins, verða viðskila við hann, og hin sérstaka stefna hans verður aldrei fyrir breytingaáhrifum innan að frá. Í ríkiskyrkju, aftur á móti, getur trúarlegt víðsýni átt sér stað við hlíðina á þröngsýni; frjálsslyndi og afturhald geta ríkt í einhverjum hlutföllum hvort við annað. En þó er ávalt hætt við að tilhneigingin verði sú að breiða sem mest yfir allar misfellur, að láta allar mismunandi stefnur innan ríkiskyrkjunnar verða litlausar og þróttlausar. Undir fríkyrkju fyrirkomulaginu verða ávalt bæði íhaldssamir og frjálsslyndir flokkar, og auk þess margskonar önnur flokkaskifting, eftir því hvernig skoðanir manna um hin helztu trúaratriði skiftast. Þessi flokkaskifting er, að áliti samra, sem ríkiskyrkju fyrirkomulaginu eru vanir, ill og óæskileg. En samt sem áður er hún það eina, sem er veruleg trygging til einstaklingsins fyrir því, að hann geti til fulls notið trúfrelsis síns með öðrum.